



# Framkvæmda- fréttir 27. tbl. /06



Í síðasta tölublaði var auglýst útboð vegagerðar Uxahryggjavegar (52). Þessi auglýsing er birt hér að nýju vegna seinkunar á skiladegi. Myndin sýnir núverandi veg við Sandvatnsskvísl en nýr vegur mun liggja nokkuð austar. Sjá yfirlitsmynd í opnu.

## Auglýsingar útboða

### Ferjubakkavegur (530)

um Gufá 06-015

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í endurbyggingu og styrkingu 1,9 km kafla Ferjubakkavegar frá Krumshólum að Ferjubakka.

Helstu magntölur eru:

Fylling og fláafleygar	5.350 m <sup>3</sup>
Bergskering	8.500 m <sup>3</sup>
Mölun	5.600 m <sup>3</sup>
Burðarlag	5.000 m <sup>3</sup>

Verki skal að fullu lokið fyrir 1. júní 2007.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgarbraut 66 í Borgarnesi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 16. október 2006. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 31. október 2006 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Auglýsing birt að nýju vegna seinkunar á skiladegi og breytingar á heit útboðs.

### Uxahryggjavegur (52), 06-022 Kaldadalsvegur - Sandkluftavatn

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í byggingu 9,7 km kafla Uxahryggjavegar frá Tröllhálsi að Kaldadalsvegi og 20 m langrar steinsteyprtar brúar á Sandvatnsskvísl.

Um er að ræða 6,5 m breiðan malarveg.

Helstu magntölur eru:

Fylling og fláafleygar	100.000 m <sup>3</sup>
Burðarlag	52.000 m <sup>3</sup>
Rofvörn	3.000 m <sup>3</sup>
Mótafletir	536 m <sup>2</sup>
Steypustyrktarjárn	12,7 tonn
Steypa	166 m <sup>3</sup>

Verki skal að fullu lokið fyrir 20. október 2007.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Dagverðardal á Ísafirði, Borgarbraut 66 í Borgarnesi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 9. október 2006. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.


Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 31. október 2006 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

## Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 27. tbl. 14. árg. nr. 448 16. október 2006

Ritsjórn  
og umsjón útgáfu:  
**Viktor Arnar  
Ingólfsson**  
Ábyrgðarmaður:  
**Gunnar Gunnarsson**  
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:  
**Vegagerðin  
Framkvæmdafréttir  
Borgartúni 7  
105 Reykjavík**  
(bréfsími 522 1109)  
eða [vai@vegag.is](mailto:vai@vegag.is)

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.




**Uxahryggjavegur (52),  
Kaldadalsvegur - Sandkluftavatn**

Undanfarin ár hefur verið unnið að vegabótum á sunnanverðum Uxahryggjavegi um Sandkluftavatn. Nú er boðin út vegagerð nyrðri hluta vegarins að vegamótum við Kaldadalsveg.

Uxahryggjavegur (52) er alls 60,6 km langur. Ofan byggðar á Vesturlandi er vegurinn allkrókottur og einungis sumarvegur, þ.e.a.s. hann er ekki mokaður á veturna. Lokunartími




Staða framkvæmda við Héðinsfjarðargöng 10. október 2006. Samtals er búið að sprengja 50 m.



hefur verið æði misjafn og algjörlega ráðist af veðurfari og snjó. Á stórum köflum getur vegurinn varla talist annað en slóði, niðurgrafinn og undir börðum þannig að hann lokast í fyrstu snjóum. Brattasti hluti núverandi vegar er 20%. Nýr vegur verður uppbyggður malarvegur um sléttara land og ætti að haldast lengur opinn.

Ársdagsumferð á Uxahryggjavegi var 65 bílar á sólarhring árið 2003. Sumardagsumferð 150 bílar á sólarhring en vetrardagsumferð er mjög lítil þar sem vegurinn er lokaður stærsta hluta vetrar. Ekki er vitað um hlutfall þungra bifreiða en um þessa leið fara helst fólksflutningabílar en ekki margir vörubílar.



## Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaedeildar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst:
	dagur, mánuður, ár
06-073 Drangsnesevegur (645), Strandavegur - Drangsnesevegur	07
06-031 Hringvegur (1), Borgarnes, vistgata	07
06-029 Skorradalsvegur (508), Grund - Hvammur	07
06-027 Snæfellsnesvegur (54) um Hítará	07
06-028 Tröllatunguvegur (605), Vestfjarðavegur - Djúpvegur	07
06-026 Skagafjarðarvegur (752), slitlagsendi - Lýtingsstaðir	07
06-004 Norðausturvegur (85), Hófaskarðsleið	07
06-006 Upphéraðsvegur (931), Fellabær - Ekkjufell	07
06-007 Dettifossvegur (862), Hringvegur - Dettifoss	07
06-072 Seyðisfjarðarvegur (93) um Miðhúsaá	07
06-017 Hringvegur (1) um Hrutafjarðarbotn	04.12.06
06-048 Vestfjarðavegur (60) í Kollafirði	06.11.06
06-030 Útnesvegur (574), Háahraun - Hella	06.11.06
06-024 Djúpvegur (61), Reykjanes - Hörtná	30.10.06
06-005 Hringvegur (1) um Vatnsdalsá	30.10.06
06-023 Blöndudalsvegur (733)	23.10.06
Auglýst útboð	Auglýst: Opnað:
06-015 Ferjubakkavegur (530) um Gufá	16.10.06 31.10.06
06-022 Uxahryggjavegur (52), Kaldadalsvegur - Sandkluftavatn	09.10.06 31.10.06
05-047 Hringvegur (1), Ármótasel - Skjöldólfsstaðir 2	09.10.06 31.10.06
06-071 Veigastaðavegur (828), Hringvegur - Eyjafjarðarbraut eystri	09.10.06 24.10.06
Útboð á samningaborði	Auglýst: Opnað:
06-065 Hríseyjarferja 2007-2011	28.08.06 10.10.06
05-038 Garðskagavegur (45) um Sandgerði	26.06.06 11.07.06

## Niðurstöður útboða

nr.	Bjódandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
---	Áætlaður verktakakostnaður	293.200.000	100,0	136.200
2	Eyfar ehf., Hrísey	239.432.600	81,7	82.433
1	Birgir R. Sigurjónsson f.h. Kröku ehf.	157.000.000	53,5	0

## Yfirlit yfir verkefni

### í mati á umhverfisáhrifum 2005-2006

Þetta yfirlit er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Auglýsingar um mat á umhverfisáhrifum gefa endanlegar upplýsingar.

Matsskylduákvæðanir	dd.mm.áá	háð MÁU?
Hringvegur um Haugaá og Vatnsdalsá í Skriðdal, Fljótsdalshéraði	18.08.2006	nei
Öskjuleið (F 88 ) um Lindaá í Herðubreiðarlindum í Skútustaðahreppi	17.07.2006	nei
Breyting á lagningu vegar um Arnkötludal og Gautsdal	06.07.2006	nei
Hringvegur milli Ármótasels og Skjöldólfsstaða 2, Fljótsdalshéraði	02.06.2006	nei
Tengibraut frá Vesturlandsvegi um Álafossveg og Helgafellsland í Mosfellsbæ	22.05.2006	nei
Hringvegur í Hrutafirði, Brú - Staðarskáli í Bæjarhreppi og Húnaþingi vestra	27.04.2006	nei
Krísuvíkurvegur, frá Reykjanesbraut að Hraunhelli og hjáleið að Bikhelli, Hafnarfirði	15.03.2006	nei
Tenging Hafnarfjarðarvegur við Nýbýlaveg og breikkun Nýbýlavegar í Kópavogi	22.02.2006	nei
Uxahryggjavegur frá Tröllhálasi að Kaldadalsvegi, Bláskógabyggð	29.09.2005	nei
Norðausturvegur, Arnarstaðir-Brekka, Öxarfjarðahreppi	12.09.2005	nei
Matsáætlanir, drög að tillögu	Matsskýrsla áætluð	
Hringvegur um Hornafjarðarfliót í Hornafirði <sup>1</sup>		mars-apríl 2007
Matsáætlanir, endanlegar	Frummatsskýrsla áætluð	
Norðausturvegur, tenging Vopnafjarðar við Hringveg <sup>1</sup>		nóv. 2006
Breikkun Reykjanesbrautar um Hafnarfjörð, frá Ásbraut að Krísuvíkurvegi, Hafnarfirði		haust 2006
Nýlegir úrskurðir Skipulagsstofnunar	Úrskurðað	Kært
Dettifossvegur í Norðurþingi og Skútustaðahreppi	27.7.2006	
Gjábakkavegur frá Þingvöllum til Laugarvatns, Bláskógabyggð	24.5.2006	já
Vestfjarðavegur (nr. 60) Bjarkalundur-Eyri, Reykhólahreppi	28.2.2006	já
Nýlegir úrskurðir umhverfisráðherra	Úrskurðað	
Vegur um Arnkötludal og Gautsdal í Hólmavíkahreppi og Reykhólahreppi <sup>2</sup>	9.5.2006	
Norðausturvegur um Hólaheiði í Öxarfjarðahreppi og Svalbarðshreppi	13.3.2006	

1 Sjá heimasíðu Vegagerðarinnar, vegagerdin.is

2 MÁU á vegum Leiðar ehf. Sjá leid.is.